



Landakotsskóli

Túngötu 15, 101 Reykjavík

Sími: 510-8200

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Í DESEMBER 2016

LIFANDI GAGNASAFN Í ÍSL2

VERKEFNISSTJÓRI: ANNA GUÐRÚN JÚLÍUSDÓTTIR

UMS-160

Reykjavík 15. desember 2016

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Landakotsskóli

Nafn verkefnisins: Lifandi gagnasafn í ÍSL2

Nafn verkefnisstjóra: Anna Guðrún Júlíusdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: nr. 160 árið 2016

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn: Að byggja upp staðbundið gagnasafn til skapandi náms í íslensku sem öðru máli (ísl2). Verkefnin verða prófuð og þróuð með nemendum veturinn 2016-2017. Meginmarkmiðið er að virkja skapandi þætti hjá nemendum til að læra nýtt tungumál. Með útgáfu nýrrar aðalnámskrár árið 2011 er sköpun gerð að grundvallaratriði í öllu námi, einn af sex þáttum. Í ritinu *Sköpun* segir á bls. 8:

„Sköpun dafnar innan skólanna þegar kennarinn er skapandi í sinni nálgun að uppeldi, námi og kennslu og skólastjórnendur gera sér ljóst mikilvægi sköpunar á öllum stigum skólastarfsins.“

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði: Í verkefninu sem er lýst hér á eftir er leitast við að afmarka verkefnin við orð, myndir og orðmyndir, setningar og ritun þannig að námið verði markvisst en samt sem áður skapandi. Það er gert til dæmis með því að nota smáhluti sem leikmuni til að þróa talmálið, flokkun mynda eða orðmynda til að skapa tilfinningu fyrir uppbyggingu málsins í tákni, orð og setningar og til að festa orðin í minni.

Fjöldi verkþáttanna, sem eru fjórir, og lýsing á þeim felur í sér viðleitni til að koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda.

Hugmyndin er sérhæfð fyrir afmarkaðan hóp nemenda sem eru að læra íslensku sem annað mál og það er mikilvægt að kennarar sem vinna með gagnasafnið hafi faglega þekkingu til að nýta efnið og virkja skapandi þætti í fari nemenda.

Frávik: Vinna við hönnun námsefnisins og handavinna við gerð þess var líklega meiri en lagt var upp með. Einnig voru gerð fleiri en minni og hnitmiðaðri verkefni, en það var ef til vill ófyrirsjáanlegur þáttur í verkefninu og hluti af þróunarvinnunni.

Hindranir: Vinnu og útsjónarsemi þurfti við söfnun þeirra 400 smáhluta sem var safnað. Verkefnastjóri dvaldi í Danmörku og Svíþjóð yfir sumartímam og þræddi þar flóamarkaði og skransölur til að finna hugmyndir og smáhluti. Smáhlutir fundust einnig á <http://bland.is>, í Góða hirðinum og í Kolaportinu. Nauðsynlegt var að kaupa smáhluti í verslunum á netinu; í <http://krumma.is> <http://hjartagatt.is>, <http://heimkaup.is> og <http://litiliupphafi.is> Verslanir eins og A4 www.a4.is Hagkaup <http://hagkaup.is> og Toy's r us <http://toysrus.is/> og <http://ikes.is> voru einnig nýttar. Ekki var hægt að kaupa allt smádót nýtt í safnið, leikföng eru til dæmis dýr.

Leitað var tilboða til að prenta og framleiða verkefnasöfnin og samstæðuspilin en það var of dýrt miðað við fjárhagslegt bolmagn verkefnisins. Þess vegna er námsefnið handgert.

Ávinningur verkefnisins: Nemendur fá námsefni sem vekur áhuga og örvar sköpunargleði og sjálfstæð vinnubrögð vegna eðlis verkefnanna sem voru búin til. Þau gefa skýr fyrirmæli og leiða nemendur áfram til skapandi vinnu.

Nákvæmar kennsluleiðbeiningar eru gefnar orð fyrir orð í verkefnum þar sem nýtt efni er lagt inn sem auðveldar allan undirbúning fyrir kennara og kennslan verður markvissari og skemmtilegri og þar af leiðandi árangursríkari.

Verkefnið mun tvímælalaust hafa mikil áhrif á skólastarfið fyrir nemendur með íslensku sem annað mál.

NIÐURSTÖÐUR OG AFRAKSTUR VERKEFNISINS:

Safn kennslugagna í íslensku sem öðru máli hefur verið sett upp í Landakotsskóla.

Fjórar tegundir gagnasafna hafa verið þróaðar.

Verkefnsöfn og kennsluleiðbeiningar eru þýtt og aðlagð efni en einnig frumsamið.

1) Íslenska í skókassa, smáhlutasafn og verkefnasafn.



400 smáhlutir
Yfir 400 smáhlutum
var safnað yfir 8
mánaða tímabil.
Hlutirnir voru flokkaðir
í 19 flokka eftir
þemum og komið fyrir
í 17 kössum sem eru
merktir og 2 kistum
(stærri húsmunir og
farartæki/samgöngur).
Einnig fylgir stórt
dúkkuhús sem sést á
mynd hér neðar.



Yfirlit yfir smáhlutina

Inn á hverju loki er listi yfir smáhlutina sem eru í kassanum.

Einnig eru listarnir aðgengilegir í verkefnasafninu sem fylgir smáhlutunum.




Verkefnasafn

33 mismunandi smáverkefni og upplýsingar á spjöldum. Smáhlutirnir eru notaðir sem leikmunir.



2) Ratleikir og gönguferðir til að efla orðaforða og kunnáttu í íslensku nærsamfélagi.



Grunnmynd af neðri hæð Landakotsskóla. Í ratleik um skólahúsnæðið er grunnmyndin nýtt.




Ratleikir og gönguferðir

Verkefnasafn með 10 verkefnum auk þriggja borðleikja sem fylgja með þremur af þessum 10 verkefnum.

3) Myndir og orð: Myndasafn, orðmyndasafn og verkefnasafn fyrir myndasafn og orðmyndasafn.

Samstæðuspil: 2.804 samstæðuspil. Eða 1.402 myndir og 1.402 orðmyndir á litlum samstæðuspjöldum. Spjöldin eru flokkuð eftir þeim í 60 lítil box. Boxin eru merkt eftir þeim.

Verkefnasafn: Tvennskonar verkefnasöfn fylgja þessum samstæðuspilum. Annars vegar 32 verkefni á spjöldum, fyrimæli fyrir kennarann þegar hann leggur inn ákveðin orð og þemu. Hinsvegar 32 æfingaverkefni við sömu þemu og lögð hafa verið inn. 15 mismunandi hugmyndir að fyrimælum/verkefnum eru skráðar í safn sem hægt er að nota aftur og aftur með mismunandi orðum.



64 verkefni með samstæðuspilunum sem eru 1.402x2 5x5 cm spjöld.

Innlögn á nýjum orðaforða með fyrimælum og æfingaverkefni til frekari þjálfunar.




4) Orðhlutafræði og orðhlutavitund.

Orðum er safnað úr völdum sögubókum eða námsbókum. Þessi námsgagnahluti samanstendur af fjórum þáttum. 14 bækur voru valdar í verkefnið. 3-5 orð eru valin úr hverri bók til að vinna með en markmiðið er að nemendur fái viðamikla þekkingu á hverju hugtaki.

A. Lestur bóka og efling orðaforða

Innlögn og kynning á nýjum hugtökum með aðstoð mynda og orðmynda.




B. Kennsluáhlutun

Lýsing á því hvernig hægt er að kenna nemendum að greina orðhluta og vinna með orðhlutagreiningu í 5 kennslustundum. Það er hægt að byrja slíka vinnu strax í fyrstu bekkjum grunnskóla.

C Kennsluleiðbeiningar til að kenna orðhlutagreiningu.

14 spjöld með einföldum leiðbeiningum og skýringum um samsett orð, afleidd orð, viðskeyti, forskeyti og fleiri þætti sem tengjast orðhlutagreiningu.



D Fyrirmæli fyrir nemendur

24 spjöld með fyrirmælum fyrir nemendur til að þjálfra aðferðir til að hluta niður orð. Nemendur skrá mismunandi orðmyndir hvers orðs sem koma fyrir í textanum og greina síðan með hjálp fyrirmælanna á spjöldunum.

Markmiðum verkefnisins hefur verið náð eins og að framan er lýst. Verkefnið verður þróað áfram innan skólans.

Kynning er áætluð innan Landakotsskóla og víðar ef eftir því verður leitað.

Dagsetning: 15. desember 2016

Anna Þórunn Þórunn
Undirskrift verkefnisstjóra

Mjilham Þórunn
Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla